

Nr. 2.
24. maí.

Bráðabirgðalög

um

heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar
aðflutningum til landsins.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Stjórnarráð Vort fyrir Ísland hefir þegnsamlegast tjáð Oss, að nauðsynlegt sje nú þegar að gjöra ýmsar ráðstafanir til þess að innflutningur varninga til Íslands frá Bretlandi heftist eigi með öllu, og verðum Vjer því að telja brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að setja með reglugjörð eða reglugjörðum þau ákvæði um verzlun og siglingar til og frá landinu, er nauðsynleg þykja til þess að tryggja aðflutninga til þess. Í reglugjörð má ákveða sektir fyrir brot á henni og meðferð mála út af brotum gegn henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.
Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll 24. maí 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.